



## Aqua Snickerislip

Vörunr. 4243

### Lýsing

Aqua Snickerislip (4243) er vatnsþynnanlegur akrýl viðloðunar- og slípigrunnur, ætlaður til notkunar innanhúss við ný- og endurmálun. Grunnurinn er fljótþornandi og svo til lyktarlaus, flýtur vel og er auðveldur í notkun. Mála má yfir grunninn með alkýð- og hefðbundnum plastþeytumálningum og lökkum.

### Notkun

Aqua Snickerislip (4243) hentar vel á hvers kyns tréverk og áður málaða fleti. Grunnurinn hefur frábæra viðloðun á áður alkýðlákkaða fleti.

### Tæknilegar upplýsingar

<b>Litir:</b> Hvítt auk NCS-litakerfis	<b>Þynnir:</b> Vatn
<b>Gljástig:</b> Matt	<b>Áhaldahreinsir:</b> Vatn
<b>Pakkningar:</b> 1/2, 1 og 2½ lítra	<b>Þurrktími:</b> 1 klst
<b>Efnisnotkun:</b> 8-10 m <sup>2</sup> /l	<b>Yfirmálun:</b> Lágmark: 4 klst
<b>Eðlisþyngd:</b> 1,3 kg/l	Hámark: Ekkert
<b>Þurrefni:</b> 34 % (rúmmál)	

### Undirmálning

Notið Beckers Snickerispackel við spörtlun og ílögn.

### Yfirmálning

Mála má yfir Aqua Snickerislip með alkýð- og hefðbundnum plastþeytumálningum og lökkum. Þar má nefna Bett, Hemukrýl, Scotte og Vitretex.

### Áhöld

Rúlla, pensill eða sprauta. Hreinsið áhöld með vatni strax að lokinni notkun.

## **Vinnutilhögun**

### **Nýmálun**

Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Grunnið með **Aqua Snickerislip** (4243).

### **Endurmálun**

Þrífið með Málningarhreinsi (6208) og skolið vandlega með vatni. Grunnið með **Aqua Snickerislip** (4243).

### **Varúðarmerkingar**

Við venjulega vinnu með **Aqua Snickerislip** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.